



**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Skútustaðahreppur  
Sigbjörn Gunnarsson  
Hlíðavegi 6  
660

Síðuhandsorðut 24  
101 Reykjavík, Iceland

Tel: +354 591 2000  
Fax: +354 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 6. júní 2005  
Tilvisun: UST20030300155/tb

### Efni: Breyting á aðalskipulagi í Skútustaðahreppi, Bjarnarflagi, ósk um umsögn

Vísað er í bréf frá Skútustaðahreppi, dags. 17. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi í Skútustaðahreppi. Breytingin felst í fjórum atriðum. nýtt iðnaðarsvæði í Bjarnarflagi og stækkan iðnaðarsvæðis norðan vegar, ný háspennulína. fornleifar eru skráðar og inn eru sett hverfisverndarsvæði. Aðalskipulagstillagan er sett fram á korti dagsettu 10. desember 2004 með breytingum frá 28. apríl sl.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir skipulagstillöguna og tekur undir athugasemdir Skipulagsstofnunar í bréfi dagsettu 27. maí sl., sjá meðfylgjandi bréf, um að greint sé frá mögulegum kostum er varða staðsetningu Bjarnarflagsvirkjunar og athugasemdum er varða breytingar vegna nýrrar háspennulínu. Umhverfisstofnun telur einnig að þar sem rekstur í Helgavogi í tengslum við dælingu á kísilgúr er nú aflagður sé ekki lengur ástæða til að sýna iðnaðarsvæði í Helgavogi sem er á landsvæði sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um vernd Mývatns og Laxár.

Varðandi hverfisverndarsvæði hefur Umhverfisstofnun lagt fram tillögur að friðlysingu landsvæða sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 97/2004. En það eru svæði sem ekki falla undir ákvæði 1. mgr. 2. gr. framangreindra laga en sem mikilvægt að vernda sakir mikilvægis þeirra fyrir lífstriki Laxár og Mývatns eða vegna merkra jarðmyndana og landslagsgerða. Umhverfisstofnun vill einnig taka fram að í framangreindum lögum í 4. gr. er skilgreint vatnsvið Mývatns og Laxár og verndun þess. Stofnunin telur að rétt sé að geta þess í greinargerð að svæðið sem aðalskipulagsbreytingin nær til sé innan vatnsviðs Mývatns og Laxár.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við að breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps verði auglýst. Umhverfisstofnun óskar eftir að því að fá endanlega tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps til umsagnar þegar að hún verður auglýst.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson

Arni Bragason

Meðf: Bréf frá Skipulagsstofnun dagsett 27. maí sl.